

Frumvarp til laga

um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Oddný G. Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Johnsen.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með staðfestingu, synjun eða frestun staðfestingar þess að öllu leyti eða hluta að liðnum fjögurra vikna fresti er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.
- b. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra skal synja, fresta eða staðfesta aðalskipulag innan fjögurra vikna frá því að tillaga frá Skipulagsstofnun barst ráðuneytinu.
- c. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi ráðherra ekki afgreitt aðalskipulagstillögu með synjun, frestun eða staðfestingu aðalskipulags skv. 4. mgr. er sveitarstjórn heimilt að ákveða að aðalskipulagið skuli taka gildi uns ákvörðun ráðherra liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Við 2. mgr. 36. gr. laganna bætist nýr málslíður, 5. másl., svohljóðandi: Hafi Skipulagsstofnun ekki afgreitt tillögu sveitarstjórnar innan fjögurra vikna frests er sveitarstjórn heimilt að ákveða að tillagan skuli taka gildi uns ákvörðun Skipulagsstofnunar liggur fyrir og skal sveitarstjórn þá auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2011.

Greinargerð.

Töluverð umræða hefur verið um tafir á afgreiðslu tillagna að aðalskipulagi fyrir ýmis sveitarfélög hjá Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra. Má þar nefna Flóahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, sveitarfélagið Ölfus og Mýrdalshrepp. Umhverfisráðherra hefur fært rök fyrir því af hverju tafir hafa orðið á afgreiðslunni og lagt áherslu á að unnið hafi verið að öllum málum eins hratt og kostur er.

Þrátt fyrir það hefur afgreiðsla ýmissa mála dregist, jafnvel umfram gefna kærufresti, eða afgreiðsla ráðuneytisins hafnað fyrir dómstólum líkt og í tilfelli Flóahrepps.

Fjárfestingar í atvinnulífinu eru forsenda hagvaxtar í landinu og endurreisnar Íslands. Til þess að fyrirtæki taki ákvörðun um fjárfestingu þarf að huga að ákveðnum atriðum og skapa hagstætt umhverfi fyrir fjárfesta. Fjárfestingin þarf að vera arðsöm þrátt fyrir áhættu, fjár-

festingargetan þarf að vera til staðar og fjárfestingarviljinn. Þá er mjög mikilvægt að það umhverfi sem stjórnvöld búa fyrirtækjum sé fyrirsjáanlegt og samkvæmt sjálfu sér, svo sem skattar, leyfisveitingar og ýmsar stjórnsýslulegar eða lagalegar reglur.

Skilvirk afgreiðsla skipulags skiptir þar miklu máli enda forsenda þess að framkvæmdir geti hafist að gert sé ráð fyrir viðkomandi verkefnum í aðalskipulagi sveitarfélags. Til þess að skerpa á regluverki stjórnsýslunnar og tryggja vandaðri vinnubrögð er því lagt til hér að sveitarstjórn geti einhliða ákveðið að aðalskipulag sveitarfélagsins taki gildi ef Skipulagsstofnun afgreiðir ekki aðalskipulagstillögu innan lögformlegs frests. Jafnframt er lagt til að sendi stofnunin tillöguna til ráðherra vegna þess að hún telji að synja eða fresta skuli staðfestingu verði ráðherra settur lögformlegur frestur til að afgreiða tillögu Skipulagsstofnunar. Hafi ráðherra ekki tekið ákvörðun innan þess frests geti sveitarstjórn einhliða ákveðið að aðalskipulagið taki gildi þar til ákvörðun liggur fyrir. Í þeim tilfellum þegar farið er fram úr lögbundnum fresti og sveitarstjórn ákveður að aðalskipulag taki gildi er gert ráð fyrir að sveitarstjórn auglýsi það í B-deild Stjórnartíðinda.

Lagt er til að lögini taki gildi 1. janúar 2011, samhliða nýjum skipulagslögum, nr. 123/2010.

Það er von flutningsmanna að breytingin tryggi vandaðri vinnubrögð og skilvirkari afgreiðslu Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra á aðalskipulagi sveitarfélaga.